

VOR VIÐ YSTA HAF

Lag: Atli Guðlaugsson

Ljóð: Höskuldur Þráinsson

Fjarri ys og glaumi stendur húsið við hafið,
hátt lætur fugl, dátt lætur fugl, alda máir stein.
Þó lífið sé fábreytt á fjarlægri strönd
finnur augað hvíldir við hafsins bláu rönd.

Hér má líka ganga með goluna í fangið,
gleyma um stund, dreyma um stund,
losa dagsins bönd.
Þó hálokkum fækki og fölni þín brá
frískar golan upp það sem rykið fellur á.

Undir lágum garði kúrir kolla á dúni,
kalt næðir hér, svalt næðir hér,
vorið kemur seint.
Þó blási henni úrsvalur vindur um væng
verður nógur ylur í dúnsins mjúku sæng.

Hingað leitar sólin þegar dagsljósið dvínar,
dansar á sjó, stansar á sjó, rennur upp á ný.
Þó fuglinn sé þögull og húsið sé hljótt
hafið kastar geislum um vorsins ljósu nótt.